

1. fundur Jarðvangur Katla Geopark 11 janúar 2011 á Hvolsvelli.

1. fundur stjórnar Jarðvangs Katla Geopark haldinn á Hvolsvelli 11. janúar 2011 kl. 16.00. Mættir eftirtaldir stjórnarmenn: Ásgeir Magnússon, Ingibjörg Eiríksdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigurður Sigursveinsson varamaður Rögnvaldar Ólafssonar.

Dagskrá:

1. **Stjórn skiptir með sér verkum:** Formaður Ásgeir Magnússon, varaformaður og ritari Ísólfur Gylfi Pálmason en hann ritaði þessa fundargerð, gjaldkeri Ingibjörg Eiríksdóttir.
2. **Undirbúningshópur:** Stjórnin telur mjög nauðsynlegt og hvetur til þess að undirbúningshópur haldi áfram starfi til aðstoðar stjórnar verkefnisins.
3. **Starfsmaður:** Samþykkt að Ragnhildur Sveinbjörnsdóttir verði áfram starfsmaður verkefnisins í 50% starfi til allt að 1. maí. Háskólafélag Suðurlands ábyrgist launagreiðslur a.m.k. þar til fjárhagsáætlun liggur fyrir. Hugað verður að áframhaldandi starfsmannahaldi síðar. Einnig er hvatt til þess að starfsmenn stofnana jarðvangs aðstoði áfram við verkefnið eftir þörfum.
4. **Styrkur til verkefnisins:** Hvatt til þess að aðildarsveitarfélögin greiði áfram sambærilega upphæð til verkefnisins eins og verið hefur. Formanni falið að senda sveitarstjórnnum bréf vegna þessa. Aftur hefur verið sótt um styrk til Ferðamálastofu og styrkir hafa fengist til námskeiðahalds. Einnig hefur verið sótt um aðild að European Geopark Network. Framlag Alþingis til verkefnisins er kr. 1.5 millj.
5. **Aðkoma ferðapjónustunnar að verkefninu:** Í samþykktum verkefnisins er gert ráð fyrir að komu ferðapjónustuðila að verkefninu. Einnig er gert ráð fyrir að þeir eigi einn fulltrúa í stjórn verkefnisins. Framundan er að kynna ferðapjónustuaðilum verkefnið og hvetja þá til þátttöku í því.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 16.15